



Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárpings ytra
Har. Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 28. desember 2017
1712090HS SG

Efni: Vindrafstöð Þykkvabæ - DSK breyting, umsögn HES

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur þann 7. desember sl. móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um breytingu á deiliskipulagi Rangárpings ytra um Vindrafstöðvar í Þykkvabæ, dags. 20. október 2017. Þar er gert ráð fyrir að endurnýja vindrafstöð að hámarki 1,9 MW norðan við byggðina í Þykkvabæ, með tengivirki við landskerfið með jarðstreng að Kartöfluverksmiðjunni í Þykkvabæ. Um er að ræða tvær vindmyllur, en önnur þeirra skemmdist í bruna. Í greinargerð kemur m.a. fram að báðum vindmyllunum verði skipt út fyrir aðrar nýrri og tæknilega fullkomnari. Verði hámarkshæð mannvirkjana um 95 m (í stað 74 m. í hinum eldri). Snúningshraði verði minni og hafi það í för með sér að hljóðmengun verði heldur minni en frá hinum eldri. Breyting verði varðandi spennistöðvar þannig að þær verða inni í turnhúsi og eldri byggingar fyrir spennistöðvar verða fjarlægðar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir breytingatillöguna og bendir á að ekki kemur fram hvort hljóðmælingar hafi verið gerðar á rekstrartíma vindrafstöðvarinnar. Gera þarf grein fyrir áhrifum rekstrar orkuversins á hljóðvist í næsta umhverfi, þ.m.t. frístundabyggð og tilgreina hávaðavísu í samræmi við töflu III Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð um hávaða, nr. 724/2008. „Við skipulagsgerð skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í viðauka.“ Sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Áhrifasvæði vindrafstöðvarinnar nær inn á skipulagt frístundasvæði, þ.e. innan við 425 m radíus frá skipulagðri frístundabyggð (merkt F-2 í aðalskipulagi). **Í reglugerðinni eru tiltekin 35 dB(A)** fyrir frístundabyggð en ekki 40 eins og er tiltekið í greinargerð.

Jafnframt skal gera grein fyrir að framkvæmdin geti haft áhrif á landnotkun, innan þeirra takmarkana, sem fram koma í hávaðavísu áður nefndrar reglugerðar um hávaða, nr. 724/2008.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri